

Stjórnarfundur

Fundargerð miðvikudaginn 19. október 2022 kl. 12:00

Mættir,

Guðjón Guðjónsson, Birgir Sigurjónsson, Magnús Harðarson, Sigurður Þórarinnsson, Árni Bjarnason, Árni Sverrisson og Páll Ægir Pétursson sem ritar fundargerð.

Á fjarfundi (Teams) voru Björn Ármannsson, Páll Halldórsson, Guðlaugur Jónsson, Sigþór Guðnason, Jón Frímann Eiríksson, Einar Eiríksson, Vignir Traustason, Friðrik Höskuldsson.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:20

Dagskrá:

Mál 1. Staðan mála í kjarasamningum

a) Fiskimenn. Árni Bjarnason sagði frá því að Sjómannasambandið væri langt komið með að klára könnun í hveru félagi fyrir sig varðandi hugsanlegar aðgerðir vegna þess hversu treglega hefur gengið í kjarasamningsviðræðum við SFS og það er skemmst frá því að segja að það er ekki meirihluti fyrir því að fara í verkfallsaðgerðir meðal undirmanna. Væntanlega er sama uppá teningnum hjá okkar félagsmönnum. Það er borðleggjandi að ef undirmenn eru ekki tilbúnir í verkfall þá eru litlar líkur á að yfirmenn vilji það heldur. Undir slíkum kringumstæðum er ekki ráðlegt að boða til aðgerða.

Til upplýsinga nefndi ÁB að á árunum 2008 – 2013 hefðu 4000 fiskimenn verið starfandi á landinu en í dag væru þeir 2900. Þeim hefur því fækkað mikið á þessu tímabili.

Páll Halldórsson spurði hvort útgerðamenn gætu neitað fiskimönnum um sömu launahækkanir og almenningur fær á hverjum tíma. ÁS svarði því til að kaupliðir í kjarasamningi hækki ekki nema kjarasamningur verði endurnýjaður. ÁB taldi sjálfsgagt að fá lögfræðing til að skoða þetta mál.

Jón Frímann sagði umhverfið gjörbreytt í greininni og hefði það gerst á stuttum tíma. Útgerðarmönnum væri nákvæmlega sama um sjómenn og nefndi hann m.a. að draumur útgerðarmanna væri að stofna stéttarfélag frystitogarásjómannna þar sem þeir gætu haft puttana í kjaramálum þeirra. Nokkur umræða skapaðist um málið og mönnunarmál á togurum og uppsjávarskipum almennt.

ÁB benti á að Ísland væri sér á báti varðandi það hve stór hluti launamanna væru í stéttarfélögum, mun herra hlutfall en gengur og gerist meðal nágrannaþjóðanna.

Nokkur umræða skapaðist um kjaramál sjómanna, virðingarleysi útgerðarinnar fyrir þeim og hvað væri hægt að gera þar sem samningaviðræður væru botnfrosnar og hefðu verið lengi. ÁB benti á að hægt væri að segja upp sérkjarasamningum, landlega skipa myndi þá lengjast verulega samkvæmt kjarasamningum en yrði ekki rétt á meðan verið væri að landa úr skipunum eins og verið hefur, það yrði þungt högg fyrir útgerðina ef farið yrði eftir kjarasamningum og myndi þýða að hver togari myndi missa marga úthaldsdaga á ári.

ÁS sagði frá því að í apríl sl. hafi komið tilboð frá SFS, því hafi verið svarað í maí en síðan þá hafi báðir aðilar verið í störuheppni og hvorki gengið né rekið í kjaraviðræðum. Hann benti á að hugsanlega væri hægt að fara í fjölmíðla með málið og útskýra hvað valdi þessum seinagangi og tregðu útgerðarmanna til að semja, það gæti vissulega verið viðkvæmt mál fyrir þá, ekki síst í ljósi umræðna um eignamyndun í sjávarútvegi og benti hann á að einn ákveðinn útgerðarmaður ætti í dag ríflega 8% allra veiðiheimilda.

Jón Frímánn sagði líklegt að áhöfnum yrði þá stillt upp við vegg og fengju að gjalda þess.

Ein leið væri að menn gætu harðneitað að vinna alla tímavinnu. Sitt sýndist hverjum en menn voru þó á einu máli um ósvífni útgerðarinnar varðandi kjarasamningsmál og var bent á að sumir útgerðarmenn telji t.d. að ekki ætti að greiða fyrir viðvik s.s. að hífa veiðarfæri í land og um borð og vinna við þau í landi heldur væri slík vinna innifalin í launum áhafna að þeirra áliti.

Jón Frímánn sagði að það vanti klásúnu í kjarasamningi fiskimanna hvort menn eigi að fá greitt fyrir að vinna í veiðarfærum í landi og einnig var rætt um hvort menn ættu að fá greitt fyrir að sitja fundi í landi en það er misjafnt hvort útgerðir greiði fyrir slíka fundarsetu.

Magnús Harðarson spurði hvort fiskimenn væru tryggðir fyrir slysum við vinnu í landi. ÁS sagði að með slysatryggingu sjómanna væru menn slysatryggðir í vinnu og á leið til og frá vinnu.

Friðrik Höskuldsson spurði hvort fylgst væri með verðlagningu á loðnu og uppsjávarfiski yfir höfuð. Friðrik spurði afhverju við værum ekki með eftirlit með því hvað hvað sjómennirnir okkar væru að fá fyrir aflann annars vegar og hins vegar Færeyingar og Norðmenn. ÁS svaraði því til að við hefðum ekki nákvæmar upplýsingar um hvernig aflaverðmæti skiptist á milli manna í Noregi, Danmörku og Færeyjum, áður en aflaverðmæti kæmi til skipta í þessum löndum væri dregið frá aflaverðmæti olíukostnaður, veiðarfærakostnaður ofl. kostnaðarliðir, þetta væri mismunandi á milli skipategunda. Því miður hefði okkur ekki tekist að fá nákvæmar upplýsingar um þetta. Við vitum nákvæmlega hvað háseti fær út úr milljón kr. aflaverðmæti á Íslandi, en okkur skortir upplýsingar um það í þessum löndum.

Verðmismunur á afla upp úr sjó væri eitt en við vorum byrjaðir á því að skoða og bera saman með mælaborði Ocean verð upp úr sjó og afurðaverð á Íslandi, Noregi, Danmörku og Færeyjum, draumurinn var að halda áfram með það verkefni þannig að við gætum séð laun/hásetahlut í hverju landi og þannig borið saman epli og epli. Planið var svo að halda áfram með aðrar fisktegundir. Það hefði hins vegar farið fyrir bí þegar Ocean sleit samskiptum við okkur, réru á önnur mið.

ÁB sagði að í þessari veiðigreini þyrftu íslenskir sjómenn að veiða helmingi meira en norskir sjómenn til að fá sömu laun. Hann sagði til gamans frá því að reiður skipstjóri hefði hringt í sig út af makrílverði, þegar hann var spurður hvort hann héldi að skipstjórnarmenn á uppsjávarskipum væru tilbúnir í verkfallsaðgerðir svaraði hann að einfaldlega að enginn myndi greiða athvæði með því. Menn væru þrátt fyrir allt með það góða afkomu þótt útgerðin væri fortakslaust að stela af þeim. ÁB sagðist einnig hafa heyrt í skipstjóra sem fyndist fráleitt að fara í átök til að ná fram 3,5% leiðréttingu á framlagi í lífeyrissjóð til að sjómenn njóti sama réttar og aðrir launþegar í landinu.

Komið var inná mönnun sumra fiskiskipa, t.d. togara og uppsjávarveiðiskipa og var fundarmönnum bent á tillögu okkar varðandi mönnunarskírteini sem áður hefur verið kynnt á sjórnarfundi. Sú tillaga hlaut því miður ekki brautargengi. En við erum ekki hættir þeirri baráttu, við teljum fækkun í áhöfn skipa helstu ógn við öryggi og lýðheilsu sjómanna.

Friðrik sagði að hann væri búinn að sitja stjórnarfundi í tæp 20 ár og alltaf værum við á sama stað, ekki næðist samstaða milli sjómanna, og hann spurði hvort ekki þyrfti að breyta um taktík? Ekki voru allir fundarmenn sammála þessari fullyrðingu hans þrátt fyrir hægagang í samningaviðræðum við SFS undanfain ár.

Fundarmenn voru sammála um að fækkun á fiskiskipum væri áhyggjuefni, Sigurður A. sagði að dæmi væru um sjómenn sem væru raunverulega útslitnir um fimmtug, slíkt væri álagið víða á flotanum.

ÁS sagði frá slitum á samskiptum við Ocean sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að safna og greina markaðsgögn úr sjávarútvegi á alþjóðavísu og umbreyta þeim í verðmætar upplýsingar sem nýtist okkur gríðarlega vel. Miklar væntingar voru gerðar til Ocean þar sem lögð var áhersla á að þar gætum við komið okkur upp platformi sem við gætum túlkað með okkar eigin augum. Því miður varð þessi samvinna skammlíff því aðilar innan SFS komu þar að og buðu hærri greiðslu fyrir þjónustu Ocean.

b) Farmenn

ÁS sagði í stuttu máli frá gangi samningaviðræðna við Eimskip og sýndi glæru með tölulegum upplýsingum varðandi upphaflegu kröfu okkar, málamiðlunarkröfu og gagntilboðum Eimskips, en það nýjasta kom í gær. Sú tillaga þeirra verður skoðuð fyrir helgi í samráði við samninganefnd farmanna. Við höfum verið í viðræðum við Eimskip frá því í júní og hafa aðilar nálgast en betur má ef duga skal.

C) Hafnsögumenn

PÆP sagði frá vandræðagangi Faxaflóahafna við launaútreikning hafnarstarfsmanna frá því í maí 2021. Samkvæmt lífskjarasamningunum urðu breytingar og viðbætur við laun svo sem vægi vinnustunda sem er mismunandi eftir vöktum, hver klst. á næturvakt er dýrari en á dagvakt svo dæmi sé nefnt, vaktahvata sem menn fá borgaðan ef þeir vinna áveðið margar vaktir í mánuði o.s.frv. Útreikningurinn er nokkuð flókinn við fyrstu sýn og var forstöðumönnum hafnarinnar ofviða í upphafi. Einnig hefur verið í bígerð um hríð að taka upp tímaskráningakerfi sem héldi utan um launamál í heild sinni eins og komið er víða en vegna dráttar á innleiðingu kerfisins er fyrst núna verið að leggja lokahönd á það kerfi sem kallast MTP (My Time Plan). Mikill tími hefur farið í þetta mál og ótal margir fundir, tölvupóstar og símtöl. Nú sér loksins vonandi fyrir endan á þessu máli, en starfsmönnum voru greidd að hluta vangoldin laun í síðasta mánuði vegna rangra útreikninga frá því í maí í fyrra. Lokagreiðsla á að koma um næstu mánaðarmót. Mikill kurr hefur verið í okkar félagsmönnum hjá Höfninni eins og nærri má geta og auk þess hefur verið í bígerð vaktabreytingar sem bætist ofan á taugapirringinn hjá starfsmönnum. Trúnaðarmaður hafnarinnar, sem tekur hlutverk sitt alvarlega og er tíður gestur á skrifstofunni, hefur haldið okkur vel upplýstum um gang mála en að hans sögn er heldur meiri ró að færast yfir mannskapinn og minna um upphlaup og hávaða.

Mál 2. Ferð Páls Ægis til Þingeyrar

PÆP sagði í stuttu máli frá heimsókn sinni til eldismanna á Þingeyri en þeir höfðu nýlega beðið fulltrúa FS að koma vestur til að kynna félagið. 13 skipstjórar mættu á fundinn og gengu þeir allir í FS að fundi loknum. Auk þess fór PÆ til Bíldudals og hitta nokkra félagsmenn sem vinna hjá Arnarlax og átti með þeim stuttan fund. Þar er hljóðið gott í mönnum og almenn starfsánægja virðist ríka þar á bæ. Hins vegar er ljóst að 12 tíma vaktir er langar og þreytandi og reynir mikið á eldri starfsmenn, ekki síst þegar veður eru válynd og álag mikið. Mönnum finnst hins vegar mikill kostur að vinna í viku og fá síðan vikufrí.

Mál 3. Fundur með Vísi og Verðandi

ÁB sagði frá því að árlegur fundur FS með Vísi og Verðandi verði haldinn í desember n.k. en fundarhöld hafa legið niðri síðan 2019 vegna Covid. Venjan hefur verið að forráðamenn, stjórnarmenn og makar hittist að fundi loknum, snæði saman kvöldverð og geri sér glaðan dag. Síðasti fundur var haldinn í Hveragerði og var vel sóttur og nú stendur sumsé til að taka þráðinn upp að nýju. ÁB sagði frá því að

gjald sem greitt er af hverjum sjómanni, s.k. greiðslumiðlun rennur til FS en um er að ræða 4 til 5 milljónir á ári. Þessi félög eru í staðinn aðnjótandi kjarasamnings skipstjórnarmanna á fiskiskipum sem FS gerir við SFS.

Mál 4. Önnur mál

ÁB sagði frá fyrirhuguðu starfslokum sínum um næstu áramót. Nokkur umræða skapaðist um málið og hvað tæki við. Ýmislegt kemur til greina en samkv. lögum tekur varaformaður við ef formaður hættir á kjörtímabilinu. Guðlaugur Jónsson er varaformaður en hann hefur ekki áhuga á að taka við keflinu, hann lagði hins vegar til á fundinum að Árni Bjarnason yrði formaður stjórnar áfram en tæki ekki að sér frekari störf fyrir FS. Það er ekkert í lögum félagsins sem segir að formaður þurfi að starfa á skrifstofunni. Kosning til stjórnar á að fara fram eftir eitt og hálf ár og þá verður ný stjórn að ákveða hvort formaður verði starfandi eins og verið hefur á skrifstofunni eða starfsmaður verði ráðinn í staðinn, helst töluglöggur, einhver nefndi hagfræðing, maður sem gæti jafnframt verið í forsvari fyrir félagið varðandi tölulegar upplýsingar og staðreyndir, ekki síst í baráttu okkar við SFS um fiskverð, mismunandi laun félagsmanna okkar og kollega þeirra á fiskiskipum erlendis, verð fyrir útfluttar sjávarafurðir og þar fram eftir götunum. Árni tók ekki illa í tillögu Guðlaugs og voru fundarmenn almennt sáttir með þetta fyrirkomulag fram að næstu kosningum.

Fundarmenn voru sammála því að það yrði ekki auðveld staða fyrir starfandi skipstjórnarmann að taka að sér formennsku félagsins því í slíkri stöðu situr hann hinum megin við borðið gegn útgerðarmanni. Það er ekki eftirsóknarvert því svínsleg framkoma útgerðarmanna hefur tekið á sig alls kyns myndir sem fælir skipstjórmenn frá því að velgja útgerðarmönnum undir uggum, staða þeirra yrði þar með sett í hættu og þeir jafnvel reknir. Það er ekki auðvelt fyrir skipstjórnarmenn að fá sambærilega stöðu hjá öðrum fyrirtækjum og þar með kippt fótunum undan lífsviðurværi þeirra.

ÁB sagði frá því að félagsfundur eða s.k. jólafundur verði haldinn á Akureyri 28. desember og í Reykjavík 30. desember.

ÁS lagði fram skriflegan ráðningarsamning við sig, sem var yfirfarinn af lögmanni félagsins Lilju Jónasdóttur. Samningurinn var samþykktur af stjórn og undirritaður af þeim sex stjórnarmönnum sem voru viðstaddir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:45

Árni Bjarnason

Formaður

Árni Sverrisson

Framkvæmdastjóri

Páll Ægír Pétursson

fundarritari